

hans með hliðsjón af gullgengi íslenzkrar krónu í dag, þar sem 100 gullkrónur jafngilda nú 738.95 seðlakrónum, hæfilega ákveðin kr. 75.000.00 sekt til Landhelgisjórðs Íslands, og komi varðhald í sjö mánuði í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, sem eru í botnvörpunum Cardiff Castle S. A. 66 frá Swansea, skulu vera upptæk og eign Landhelgisjórðs Íslands.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar. Rekstur málsins hefur verið vitalaus.

Dómsorð:

Ákærði, Osmond Johanson, greiði kr. 75.000.00 sekt til Landhelgisjórðs Íslands, og komi 7 mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, sem eru í togaranum Cardiff Castle S. A. 66, skulu vera upptæk og eign Landhelgisjórðs Íslands.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum skal fullnægt með aðför að lögum.

Mánudaginn 26. maí 1952.

Nr. 38/1951. **Ákærvaldið** (Kristján Guðlaugsson)
gegn

Þorfinni Jóhannssyni (Sveinbjörn Jónsson).

Ákæra um manndráp af gáleysi.

Dómur Hæstaréttar.

Svo sem greinir í hinum áfrýjaða dómi, hefur ekki tekizt að ná til neinna vitna, er verið hafi sjónarvottar að slysi því, sem mál þetta er risið af, né að akstri ákærða í umrætt skipti, nema að litlu leyti. Eigi er heldur ljóst af öðrum gögnum málsins, hvernig slysið hefur að höndum borið. Á sú staðhæfing héraðsdómarans, að Sigurður heitinn Sveinsson hafi farið af bifreið ákærða, að því er skilja verður við „Spennistöðina“, gengið suður Laugarveg, og ákærði ekið þar á hann, sér ekki stoð í gögnum málsins.

Til grundvallar dómi í málinu verður því að leggja skýrslu ákærða sjálfs. Hann kveðst eigi hafa orðið var við, er Sigurður heitinn fór af bifreiðinni, en hann hafði staðið á palli hennar og haldið sér í járnspöng á stýrishúsinu. Þó líklegt megi telja, að slysið hafi stafað af því, að Sigurður heitinn hafi á einhvern hátt orðið fyrir bifreið ákærða í þeim svifum, er hann fór af henni, má vel vera, að ógætni hans sjálfs eða óhappatilviljun hafi verið um að kenna, en að ákærði eigi þar enga sök á. Ber því að sýkna ákærða af kröfum ákæruvaldsins, að því er varðar brot á XXIII. kafla laga nr. 19/1940 og lögum nr. 23/1941.

Fallast má á það, að ákærði hafi ekki gerzt sekur um brot á reglugerð nr. 72/1937. Verður hann því algerlega sýknaður í máli þessu.

Eftir þessum úrslitum ber ríkissjóði að greiða allan kostnað sakarinnar, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin málsvarnarlaun verjanda ákærða í héraði, kr. 400.00, og málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00 til hvors.

Það athugast, að taka hefði átt skýrslu af stúlkubarninu Þóru Steinunni sjálfu, en ekki eingöngu af kjörmóður þess.

Dómsorð:

Ákærði, Þorfinnur Jóhannsson, á að vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur sakarkostnaður, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í héraði, Sveinbjörns Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 400.00, og málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Kristjáns Guðlaugssonar og Sveinbjörns Jónssonar, kr. 1500.00 til hvors.

Dómur aukaréttar Siglufjarðar 22. nóvember 1950.

Mál þetta, sem var dómtekið 18. þ. m., er höfðað af hálfu réttvísinnar og valdstjórnarinnar gegn Þorfinni Jóhannssyni bifreiðarstjóra, Aðalgötu 25 hér í bæ, fyrir brot gegn XXIII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19

frá 1940, bifreiðalögum nr. 23 frá 1941 og reglugerð um gerð og notkun bifreiða nr. 72 frá 1937.

Ákærði, sem kominn er yfir lögdalur sakamanna, fæddur í Siglufirði 19. apríl 1930, hefur sætt þessum refsingum:

1948 24/7 Sátt: 30 króna sekt fyrir brot á bifreiðalögum.

1949 19/7 Sátt: 60 króna sekt fyrir brot á bifreiðalögum.

1950 21/7 Sátt: 100 króna sekt fyrir brot á bifreiðalögum.

I.

Þriðjudaginn 6. desember 1949 um kl. 17.40 gengu tveir piltar, Hartmann Jónsson og Jóhann Ólafsson, suður Laugarveg hér í bænum. Sáú þeir, að maður lá á grúfu við götuna nálægt húsinu nr. 7 við Laugarveg. Gengu þeir að honum og urðu þess vísari, að hann var meðvitundarlaus, en stundur eða korr heyrðu þeir til hans. Í þessum svifum komu að tveir menn, þeir Jón Guðjónsson skipstjóri og Gísli Gíslason. Sáú þeir, að maðurinn, sem var Sigurður verkstjóri Sveinsson, var mikið slasaður, enda gekk blóð úr munni hans og nös. Fór annar þeirra inn í húsið nr. 7, og var hringt til læknis og lögreglu og Sigurður borinn inn í húsið. Þangað til hafði orðið vart korr og smákipa, en lífsmark hvarf af honum, meðan hann var borinn inn, og er læknirinn kom, var Sigurður látinn. Lík hans var flutt í líkhús sjúkrahússins, og fór fram skoðun á líkinu næsta dag. Varð ekki vart neinna beinbrota, en þegar brjósthol var opnað, kom í ljós mikið óstorknað blóð í hægri brjóstholi, röskur lítri. Í skýrslu læknanna segir svo:

„Þegar blóðið hefur verið tæmt burtu, liggur lungað samanfallið aftur við hrygg, og þegar nánar er að gáð, sést sprunga, sem gengur í gegnum miðlappann alla leið inn að hilus. Pericardiið er opnað, og eru í því ca 30 ccm af blóði, og við nánari athugun finnst op á gollurshúsinu, sem tekur ca 2 fingur, og liggur það aftur og niður í hægri pleura. — Kviðarhol er opnað á venjulegan hátt, og sést þar talsvert af blóði, og þegar lifrin er tekin út og skoðuð, sést, að á hana vantar vel lófastóran flípa, sem finnst aftur við hrygg. Flípin er rúmlega þumlungs þykkur, og hefur hann sprungið frá neðri fleti lifrarinnar, aftan og utanvert.“

Læknar þeir, er framkvæmdu líkskoðun þessa, hafa allir komið fyrir dóm. Telja þeir dauða Sigurðar hafa orsakast af hinni miklu innvortis blæðingu, sem áverkinn á lunga og lifur hafði í för með sér. Tveir þeirra telja þann áverka stafa af því, að brjósthol og kviðarhol hafi orðið fyrir miklum þrýstingi, og telja miklar líkur til, að sá þrýstingur hafi stafað af því, að bifreið hafi verið ekið á eða yfir Sigurð, en aftur ólíkleggra, að hann hafi orðið fyrir einhliða árekstri eða fallið af bifreið.

II.

Fáum mínútum áður en Sigurður fannst á götunni, hafði bifreiðinni F 144 verið ekið suður Laugarveg, og á meðan menn voru að stumra yfir Sigurði, var bifreiðinni ekið sunnan veginn aftur, og var hún ekki stöðvuð á slystaðnum. Ákærði, sem stjórnaði bifreiðinni í þessari ferð, kom fyrir

lögreglurétt daginn eftir og skýrði á þessa leið frá ferðum sínum: Nokkru fyrir kl. 17 umræddan dag var hann staddur í Bifreiðastöð Siglufjarðar. Var þá hringt og beðið um, að bifreið yrði send suður að söltunarstöð Njarðar h/f, og varð ákærði til þess að fara þá ferð. Er hann kom að stöðinni, var verkstjórinn, Jóhann Skagfjörð, þar einn saman, og sat hann í skrifstofu sinni og var ofurölvi. Hjálpaði ákærði honum út í bifreiðina, sem er vöruflutningabifreið, slökkti ljós í skrifstofunni og lokaði henni og ætlaði síðan að fara með verkstjóranum heim til hans, en þar eð hann vissi ekki, hvar hann bjó, og verkstjórinn var sem næst meðvitundarlaus, hugðist ákærði aka í bifreiðastöðina til að afla sér upplýsinga um heimilisfangið. Þá kom Sigurður heitinn þar að og spurði, hvort hann mætti standa aftan á bifreiðarpallinum, og veitti ákærði honum það fúslega, en brýndi fyrir Sigurði að halda sér fast, því að búast mætti við, að ferðin upp brekkuna í Snorragötu gengi skrykkjótt. Jafnframt spurði ákærði Sigurð um heimilisfang Skagfjörðs, og kvað Sigurður hann búa niðri í húsi Þórodds Guðmundssonar. Skildi ákærði það svo, að um Laugarveg 7 væri að ræða, en þar býr Þóroddur nú. Er þangað var komið, nam ákærði staðar, opnaði bílhurðina og spurði Sigurð, hvort þetta væri húsið. Kvaðst Sigurður þá hafa átt við hús, er Þóroddur átti fyrir, og að það væri við Norðurgötu, en sú tilvísun var ekki heldur rétt. Ákærði ætlaði nú að aka aftur á bak norður Laugarveg til þess að snúa við á mótum Laugarvegjar og Suðurgötu. Áður en hann komst að gatnamótunum, rann bifreiðin upp úr hjólförunum, og vegna snjóþyngsla á götunni tók hann þann kost að aka áfram suður Laugarveg og snúa bifreiðinni við á móts við húsið nr. 14. Er þangað kom, varð hann þess var, að Sigurður var ekki lengur á pallinum, en kveðst hafa talið, að hann hefði stokkið af bifreiðinni, er numið var staðar eftir aksturinn aftur á bak, enda hafi þaðan verið skemmst heim til Sigurðar. Ók hann síðan norður Laugarveg, en kveðst ekki hafa séð Sigurð né menn þá, er fundu hann á götunni. Ákærði sótti föður sinn og tókst með hans aðstoð að koma Skagfjörð heim til sín í Túngötu.

Þessa skýrslu ákærða, sem hann hefur ekki hvikað frá í prófum málsins, hefur ekki tekizt að styðja með framburðum vitna, hvorki að því er varðar veru Sigurðar á palli bifreiðarinnar né akstur ákærða aftur á bak norður Laugarveg. Hins vegar hefur ekkert komið fram, er hnekki henni verulega, og þykir því verða að leggja hana til grundvallar dómi í málinu. Ákærði hefur eindregið haldið því fram, að Sigurður hafi staðið á pallinum, allt þar til ákærði hætti að aka aftur á bak, og kveðst enda hafa misst af hjólförunum, vegna þess að Sigurður hafi fært sig til á pallinum og byrgt ákærða með því útsýn um afturglugga bifreiðarinnar. Af niðurstöðu líkskoðunarinnar verður að telja nægilega í ljós leitt, að dauði Sigurðar hafi stafað af því, að bifreið var ekið á eða yfir hann, og af gögnum málsins er ljóst, að ekki var um aðra bifreið að ræða en þá, sem ákærði stjórnaði. Til þess að samræma skýrslu ákærða staðreyndum málsins verður ekki hjá því komizt að líta svo á, að nægar líkur liggi til þess, að Sigurður hafi farið af bifreið ákærða og gengið suður Laugar-

vegin, þar til ákærði ók bifreiðinni á ný suður veginn, og hafi þar orðið undir henni. Ákærði hefur borið það, að Sigurður hafi verið með áhrifum áfengis, samt ekki mikið, og hefur það nokkra stoð í vætti Jóhanns Skagfjörðs. Hins vegar urðu menn þeir, er fundu Sigurð, ekki varir þess, að hann hefði neytt áfengis, og við líkskoðun varð ekki vart áfengisþefs af magavökvanum.

III.

Þegar þetta gerðist var mikill snjór á götum bæjarins. Mikið var farið að dimma, og norðanstormur var á með blindhrið. Ákærði hefur skýrt frá því, að hann hafi ekki séð neinar mannaferðir á leið sinni um Laugarvegin og hafi hann þó orðið sem næst að nema staðar nálægt Laugarvegi 7, er hann ók norður götuna, vegna þess að hriðin var svo svört, að ekki sá út úr bifreiðinni. Sömu lýsingu á veðrinu hefur bifreiðarstjóri sá gefið, er ók líki Sigurðar í sjúkrahúsið á að gizka hálf tíma síðar. Þegar veður var slíkt, sem lýst var, og útsýn úr bifreiðinni takmörkuð, bar ákærða að haga akstri sínum varlega og nema staðar, er hann sá ekki fram fyrir bifreiðina. Af gögnum málsins þykir sýnt, að ákærði hefur ekki gætt þeirrar varúðar sem skyldi, og hefur hann með þeirri háttsemi orðið meðvaldur að dauða Sigurðar. Varðar það ákærða refsingu samkvæmt 215. gr. almennra hegningarlaga og 27. gr. sbr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23 frá 1941. Hins vegar er það upp komið, að bifreiðin F. 144 var búin handriði, er jafngildir umbúnaði þeim, er greinir í 4. tölulið 7. gr. reglugerðar nr. 72 frá 1937, og ber því að sýkna ákærða af kröfu valdstjórnarinnar um refsingu fyrir brot á þeirri reglugerð.

Refsing ákærða þykir með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin varðhald tvo mánuði. Samkvæmt 39. gr. bifreiðalaganna ber og að svipta hann leyfi til að aka bifreið í tvö ár frá birtingu dóms þessa. Þá greiði ákærði og allan kostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs verjanda síns, Sveinbjörns hæstaréttarlögsmanns Jónssonar, kr. 400.00.

Bjarni Bjarnason bæjarfógeti kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Ákærði, Þorfinnur Jóhannsson, sæti varðhaldi 2 mánuði.

Hann skal sviptur leyfi til að aka bifreið í 2 ár frá lögbirtingu dóms þessa að telja.

Hann greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs verjanda síns, Sveinbjörns hæstaréttarlögsmanns Jónssonar, kr. 400.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.